

Dags eftirlits	5.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Ari Elísson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	Staðsetning	691175,044 590358,894

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða af mikinn fjölda af tómum olútunnum og efnabömbum á lóð og að lekabyttu vantar undir fötur með olíuefnum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Hafnarbyggð 4, Vopnafirði. Stöðin hefur leyfi til að geyma allt að 1.500 m³ af olíu og móttaka allt að 100 tonn af úrgangsolíu, á ári. Einnig er heimil bein afhending úr stöðinni með olíuleiðslu að fiskimjölsverksmiðju að Hafnarbyggð 7. Ekki er heimilt að geyma bensín í stöðinni.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og þjálfun starfsfólks
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar – sniðmát - Kynning
- Stjórnvaldssektir – kynning
- Notkun efna við hreinsun stranda - Kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2020 og engin ábending var sett fram.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

Fimm olíugeymar eru í stöðinni og ein þró um þá alla. Geymarnir eru allir lóðréttir stálgeymar nema geymir nr. 5, sem er láréttur.

Áfyllingaplanið er olíuhelt og tengt olíuskilju. Geymar merktir nr. 1 og 5 voru botnþykktarmældir árið 2020 og hefur áframhaldandi notkun þeirra verið heimiluð. Geymar nr. 2 og 4 voru botnþykktarmældir árið 2014 og er því næsta mæling 2024 en geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Geymir nr.3 var mældur 2012 og er því krafa um að mæling á honum fari fram nú í ár. Minnt var á það í eftirlitinu. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2019 og er næsta prófun því árið 2024, eða á 5 ára fresti. Úrgangsolíugeymir stendur á steypu plani við áfyllingarplan og er frárennsli tengt olíuskilju eins og krafa er gerð um í gr. 3.4 í starfsleyfi.

Ein olíuskilja er í stöðinni og var hún síðast hreinsuð þann 13. desember 2021. Skv. gr. 3.5 í starfsleyfi skal virkni olíuskilja yfirfarin á a.m.k. sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Þjónusta við skiljuna er skráð á mánaðarblöðin og ekki er gerð athugasemd þar um. Sjálfvirkir nemar eru í skilju. Einstefnuloki

er á olíuskilju úr þró þar sem sjávarfalla gætir á lóðinni. Loki úr þró stóð lokaður er eftirlitið fór fram. Mæling á olíu í fráveitu olíuskiljunnar var gerð er eftirlitið fór fram. Notað var Macherey Nagel olíupróf þar sem olíunæmur strimill er settur ofan í flösku með fráveituvatni. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Teikningar af stöðinni og verklagsreglur voru sýnilegar uppi á vegg í þjónustuhúsi og var starfsleyfið til staðar í rekstrarhandbók. Önnur gögn skv. gr. 4.1 í starfsleyfi voru aðgengileg eftirlitsaðila í rekstrarhandbók á staðnum. Mánaðarblöð voru yfirfarin á fjarfundi með rekstraraðila þann 12. maí sl. og engin ábending gerð þar um. Öryggisblöð efna voru aðgengileg í rekstrarhandbók.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir í stöðinni og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og þró utan um geyma skoðuð. Á lóðinni, við stöðvarhús, stóðu tómar olíutunnur á timburbrettum, 4 stk. á bretti, staflað upp í tvær hæðir. Yfir 40 tunnur voru á svæðinu og yfir 10 tómar efnabambar. Ábending var sett fram um að fjarlægja þurfi tómar umbúðir áður en uppsöfnin verður svona mikil og bent er á að gera þurfi samning við þjónustuaðila úrgangssöfnunar varðandi móttöku á umbúðunum. Að öðru leiti er stöðin snyrtileg á að líta, girðingar eru í lagi og vel við haldið.

ÁBENDINGAR

Bent er á að halda þurfi fjölda tómrar olíutunna og bamba í lágmarki inni á lóð olíubirgðastöðvarinnar og að gera þurfi samning við móttökuaðila úrgangs á svæðinu um reglulegar losanir á tómunum umbúðum.

Einnig er bent á að ílát með olíuefnum skulu ætíð standa í lekaheldri þró eða á lekabyttum til varnar leka út í óvarið undirlag. Fjórar plastfötur með olíuefnum stóðu upp við stöðvarhús, utan þróar og án lekabyttu.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát fyrir viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir og er rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Eitt óhapp varð er olía fór upp úr geymi á áfyllingarplani þann 30. september 2021 og rann í skilju. Skiljan var tæmd í framhaldinu og engir eftirmálar urðu af því óhappi.

Einnig var viðstaddur eftirlitið Hreiðar Geirsson, stöðvarstjóri ODR Vopnafirði.

Reykjavík, 25.10.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir